

Til nefndarsviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. júlí 2013

Landssamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að fá til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (frítekjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir).

Landsamtökin Þroskahjálp telja að umbjóðendur þeirra muni í afar litlu mæli njóta góðs af fyrirhuguðum breytingum.

Samtökin telja einnig að þessar breytingar séu ekki í takt við þær hugmyndir sem fram komu í frumvarpi um heildarendurskoðun almannatrygginga um einföldun bótakerfisins. Til dæmis það ákvæði frumvarpsins að að gerður sé greinarmunur á lífeyrissjóðstekjum annarsvegar og atvinnu og fjármagns tekjum hinsvegar hvað varðar skerðingu á grunnlífeyri.

Landssamtökin Þroskahjálp virða hinsvegar álit Félags eldri borgara á frumvarpi þessu og mæla því með samþykkt þess .

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtökin Þroskahjálp

---

Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri